

Nefndarsvið Alþingis
Hr. Gautur Sturluson
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2009

Með erindi dags. 12. janúar 2008 barst umbj. mínum Dregg Shipping ehf erindi þar sem gefinn var kostur á að umbj. minn kæmi að umsögn um tillögu til þingsályktunar um stransiglingar. sem fram kom á 136. löggjafarþingi 2008 – 2009. Þjskl. 39 – 39. mál.

Dregg – Shipping ehf. hefur undanfarna 18 mánuði siglt á íslensku ströndina og flutt vörur til og frá hinum ýmsu höfnum á Íslandi til hafna í Evrópu. Sá flutningur sem um er að ræða er innflutningur eða útflutningur frá hinum ýmsu stöðum á landinu og getur landsbyggðin því fengið vörur frá Evrópu beint í sitt byggðarlag eða sent vörur erlendis með sama hætti. Skip félagsins M/V Axel hefur verið í fullri notkun við þetta verkefni. Reksturinn er sjálfbær og þarf ekki ríkisstyrki. Með þessum strandflutningum vinnst mikið, hinar ýmsu hafnir á Íslandi eru nú aftur orðnar virkar hvort sem um innflutning eða útflutning sé að ræða. Ýmis þjónusta hefur skapast á landsbyggðinni vegna reksturs skipsins svo sem viðgerðir, viðhald ofl. Auk þessa þá hefur aukin fjöldi fyrirtækja og fólks notfært sér þennan flutningsmáta.

Varðandi þingsályktunartillöguna þá kemur ekkert fram í henni um hvaða flutninga sé að ræða. Þá er alröng sú fullyrðing sem þar kemur fram þess efnis að strandsiglingar hafi smá saman verið að leggjast af. Það hefur verið stöðug aukning í strandflutningum hjá Dregg Shipping ehf. Hitt er auðvitað rétt sem fram kemur í tillögunni varðandi umferðaröryggi og umhverfisáhrif, en ómögulegt er að sjá hvernig hægt er að standa betur að þessu en á þann hátt sem gert er nú. Tekið skal fram að flutningaskip umbj. míns M/V Axel flytur um 50.000 tonn á ári frá, sem og að og umhverfis landið. Þeim vörum sem þannig eru fluttar af hálfu umbj. míns er hvorki umskipað né eru þær settar á flutningabíla, enda myndi vara þannig flutt af umbj. mínum fylla um 2500 flutningabíla sem sem samsvarar um 7 flutningabílum á dag alla daga ársins. Í tillögunni er vitnað til þess að Eimskip hafi nýlega hafið strandflutninga til Ísafjarðar. Um þetta hefur verið fjallað í fjölmiðlum og þykir rétt að upplýsa að þessar ferðir voru samtals 4 talsins og hefur þeim nú verið hætt. Eins og fram hefur komið í framangreindum fréttum var Eimskip að sækja gáma frá Ísafirði og Bíldudal. Gámar þessir voru fluttir til Reykjavíkur þar sem þeir voru umskipaðir í önnur skip frá Eimskip. Með öðrum orðum sigldi Eimskip í þessum ferðum vestur á firði, sótti gámana og flutti í veg fyrir sjálfa sig í Reykjavík. Telja verður að nái þessi þingsályktun fram að ganga verði landsbyggðin svipt því frelsi að geta flutt með umbj. mínum vörur beint úr sínu byggðarlagi til útlanda. Með þannig

fyrirkomulagi væri verið að fara aftur í tímann þar sem strandferðarskip smöluðu vörum af landsbyggðinni og fluttu þær í veg fyrir Reykvísku skipafélögin með ríkisstyrkjum.

F.h. Dregg – Shipping ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Stefán Geir Þórisson', written over the printed name below it.

Stefán Geir Þórisson hrl.